

Nr. 26/1909: H. Söbstad fyrir hönd
 O. Sivertsens Vevang
 gegn.
 Birni Líndal fyrir hönd
 Vilh. M. Jónssonar.

D ó m u r:

Hinn 30. sept. 1907 var eftir kröfu stefnda, cand. jur. Björns Líndal á Akureyri fyrir hönd Vilhelms kaupmanns M. Jónssonar á Siglufirði af fógætanum í Akureyrarkaupstað framkvæmd kyrsetning samkvæmt opnu bréfi 30. nóvbr. 1821 í eignum O. Sivertsens Vevang í Christjanssund í Noregi, er áfrýjandinn, útvegsmaður Hans Söbstad á Siglufirði, sem þá var staddur á Akureyri, hafði undir höndum, og var kyrsetningin gjörð til tryggingar skuld fyrteðs Vilh. M. Jónssonar á hendur Vevang, að upphæð 2257 kr. 20 a., og með því að nefndur Hans Söbstad skýrði frá því við gjörðina, að hann hefði undir höndum hér um bil 15—1600 kr. tilheyrandi O. Sivertsen Vevang, var fé þetta kyrsett samkvæmt kröfu stefnda og sömuleiðis bryggja á Siglufirði, virt á 200 kr., tilheyrandi sama, er Söbstad hafði undir höndum, og var lagt fyrir hann, að viðlagðri lagaábyrgð, að greiða eigi af hendi eða ráðstafa hinu kyrsetta fé og gózi á þann hátt, að það kæmi í bága við kyrsetningargjörðina. Sama dag tók síðan gjörðarbeiðandi út stefnu til staðfestingar kyrsetningargjörðinni og birti hana áfrýjanda, og átti málið að takast fyrir í gestarétti Akureyrar 30. nóv. s. á. Það varð þó ekki af fyrirtekt málsins þann dag og eigi fyr en 30. sept. 1908. Þá mættu báðir aðilar, Björn Líndal og H. Söbstad fyrir gestaréttinum, og segir í réttargjörðun-

um, að málinu hafi með samkomulagi málsaðila verið frest-
að þangað til.

Málið var síðan dæmt í nefndum rétti 17. apríl f. á. þannig, að áfrýjandinn fyrir hönd O. Sivertsen Vevang skyldi greiða stefnda fyrir hönd Vilh. M. Jónssonar, upp í fyrgreinda skuldakröfu hans á hendur Vevang 1260 kr. og stefnda bera réttur til að njóta að öðru leyti full-
ustu fyrir kröfu sinni, sem til kynni að hrökkva í skipa-
bryggju Vevangs á Siglufirði, er kyrsett hafði verið. Þessum dómi ásamt fjárnámsgjörð, er framför samkvæmt honum hinn 22. júní f. á., í fógetarétti Eyjafjarðarsýslu, hefir áfrýjandinn, H. Söbstad, nú skotið til yfirdómsins, með stefnu útgefinni 5. nóvbr. f. á. og fjárnám-
inu með stefnu dags. 31. desember f. á., og hefir þess verið krafist af hans hendi hér fyrir réttinum, 1. að hinn áfrýjaði dómur verði ónýttur vegna þess, að kyrsetningin hafi verið löngu fallin burtu, er staðfesting-
armálið var byrjað, 2. til vara, að áfrýjandinn verði, hvernig sem á er litið, ekki dæmdur til að greiða stefnda meira en 131 kr. 78 a., því að meira hafi Vevang ekki átt hjá áfrýjanda er kyrsetningin fór fram, og verði stefnda þó því að eins dæmt meira en 63 kr., að hann sanni, að hann eigi til hærri skuldar að telja hjá Vevang en það. 3. að kyrsetningargjörðinni verði hrundið og hún feld úr gildi, og 4. að stefndi verði dæmdur í máls-
kostnað fyrir báðum dómum. Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 21. marz þ. á. og krafist þess, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum verði teknar til greina, þannig að áfrýjandi fyrir hönd Vevangs verði meðal annars skyldaður til að greiða sér minsta kosti 1500 kr. í stað 1260 kr., en til vara hefir hann krafist,

að dómurinn verði staðfestur. Áfrýjuninni á fjárnáminu hefir stefndi krafist að vísað verði frá yfirdómi, en að öðrum kosti að það verði staðfest. Og loks hefir hann, hvernig sem málið fer, krafist málskostnaðar fyrir undir- og yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, að kyrsetningin hafi fallið úr gildi fyrir drátt á staðfestingarmálinu, og eigi því að ónýta hinn áfrýjaða dóm, en, eins og áður er sagt, varð það með samkomulagi málsaðilanna, að málinu var frestað og eigi tekið fyrir fyr en ári eftir útgáfu stefnunnar, og getur enginn vafi verið á því, að áfrýjandi sem réttur málsaðili gat samþykkt þennan frest. Það verður því eigi álitíð, að stefndi hafi vanrækt að neinu að framfylgja kyrsetningunni til dóms, svo að hún hafi fyrir það fallið niður fyrir aðgjörðarleysi hans, og verður því ónýtingarkrafa áfrýjanda eigi til greina tekin.

Krafa stefnda á hendur O. Sivertsen Vevang, sem kyrsetningin átti að tryggja, stafaði að sögn stefnda frá síldarkaupum Vevangs að því er 2070 kr. snertir, og vexti af þeim, 124 kr. 20 a., og hefir stefndi lagt fram til stuðnings þeirri kröfu 2 ókvittaðar ávísanir frá umbodsmanni Vevangs á banka á Akureyri, en auk þess eru í kröfunni fölgnað 63 kr., pakkhúsleiga fyrir tómar tunnur, er Vevang átti. Áfrýjandi hefir vefengt þessa kröfu stefnda eða umbjóðanda hans á hendur Vevang, og krafist sannana fyrir henni, nema hvað 63 krónurnar snertir; þær viðurkennir hann rétta skuld. Áfrýjandi sjálfur, H. Söbstad, hreifði þó engum mótmælum gegn kröfunni á hendur Vevang í fyrstu réttarhöldum málsins, er hann mætti sjálfur í málinu fyrir gestaréttinum, og hafði hann þó haft nægilegt tækifæri til að bera sig sam-

an um málið við Vevang, og þó að umboðsmaður Söb-
stads síðar í málinu krefðist sannana fyrir skuldakröfunni,
en án þess að bera fram bein eða rökstudd mótmæli
gegn henni, þá varð ekki tekið tillit til þeirrar kröfu,
þar sem hún réttilega áleizt ofseint fram komin.

Þá hefir áfrýjandi neitað því í máli þessu, að Vevang
hafi átt í sínum vörzlum eða hann skuldað Vevang
meira þá er kyrsetningin var gjörð en 131 kr. 78 a., þó
að með sé talið andvirði skipsbryggjunnar, er kyrsett var,
en hann (áfrýjandi) hafi áður verið búinn að kaupa af
Vevang fyrir 100 kr., og verði hann því eigi skyldaður
til að svara til meira en þessarar upphæðar upp í skuld
Vevangs við stefnda. Eins og áður er sagt, skýrði áfrý-
jandinn sjálfur við kyrsetningargjörðina frá um eign
Vevangs hjá honum, og viðurkendi þá einnig að brygg-
jan væri eign Vevangs, og á þessari skýrslu áfrýjanda
var kyrsetningin byggð. Til hinnar nýju skýrslu áfrý-
janda um þessi atriði, er fram komin er í þessu máli,
verður því eigi tekið tillit gegn mótmælum stefnda, enda
eru engar sönnur færðar á staðhæfingar hans eða fyrir
réttmæti reikninga þeirra, er hann hefir viljað styðja með
hina breyttu skýrslu sína, en þeim er neitað af stefnda.

Það verður því engin breyting gjörð á hinum áfrý-
jaða dómi eftir kröfu áfrýjanda.

Þar sem stefndi hefir krafist þess, að upphæð sú,
er áfrýjandi er dæmdur til að greiða með hinum áfrýjaða
dómi, verði færð upp í 1500 kr. úr 1260 kr., þá byggir
hann kröfu þessa á því, að áfrýjandi við kyrsetningar-
gjörðina viðurkendi að inneign Vevangs hjá honum væri
hérumbil 15—1600 kr. í peningum, en þar sem telja
verður, að málsaðilar hafi fyrir gestaréttinum verið sam-

mála um það, að þessi inneign stafaði frá kaupum á tónum tunnum, er Vevang átti, og ekki jafnframt öðrum viðskiftum þeirra, en um verð og tölu tunnanna er ekki ágreiningur, svo að það má teljast vera in confesso, að tunniverðið hafi ekki numið meira en 1260 kr., þá virðist það hafa verið rétt af undirdómaranum að líta á það, að skýrsla áfrýjanda við kyrsetninguna var ekki ákveðnari en svo, að peningaeign Vevangs hjá honum væri *hér um bil* 15—1600 kr., og skoða því upphæðina að svo miklu leyti áætlaða, að hún gæti reynzt nokkru lægri en 1500 kr. Það verður því heldur eigi gjörð breyting á dóminum að þessu leyti.

Að því er hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð snertir, þá hefir áfrýjandi að eins lagt fram einfalda útskrift af henni, þar sem eigi eru einu sinni rituð í skjöl þau, er komu fram við gjörðina, og þar sem þannig eigi hefir verið fylgt fyrirmælum N. L. 1—5—13, ber að vísa málinu frá að því er hana snertir.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta hinn áfrýjanda gestaréttardóm að öllu leyti, einnig málskostnaðar-ákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Að því er hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð snertir visast málinu frá yfirdóminum. Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn H. Söbstad, fyrir hönd O. Sivertsen Vevang, greiði stefnda Birni

Líndal fyrir hönd Vilh. M. Jónssonar kaupmanns í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. d. júlímán.

Nr. 38/1910:

Bogi Brynjólfsson
f. h. Halldórs Hávarðssonar
gegn
Sigfúsi Sveinbjarnarsyni.

D ó m u r:

Í máli þessu var Sigfús Sveinbjarnarson fasteignasali dæmdur á bæjarþingi Reykjavíkur 26. maí þ. á. til að greiða Boga Brynjólfssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, fyrir hönd Halldórs Hávarðssonar kaupmanns í Bolungarvík, 2000 kr. með 5% ársvöxtum frá 10. febrúar þ. á. og málskostnað 25 kr. Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. f. m., birtri stefnda sama dag, og krafist að hann verði staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Við fyrstu fyrirtekt málsins 27. f. m. fekk stefndi 14 daga frest til andsvara, og í næsta réttarhaldi beiddi hann aftur um 14 daga frest til að gagnáfrýja málinu, en áfrýjandi mótmælti því, að framhaldsfrestur yrði veittur stefnda, og var málið svo lagt undir úrskurð réttarins eða dóm.